



Ársskýrsla Patreksskóla skólaárið 2017-2018

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Ýmsar upplýsingar um skólaárið 2016-2017	3
Stjórnendur.....	3
Kennslufyrirkomulag	4
Námsmat	4
Samkoma á Sal.....	4
Endurmenntun	4
Lestrarátak.....	4
Heimasíða	5
Mötuneyti.....	5
Skólastefna	5
Vörður í starfi Patreksskóla	5
Félagsleg markmið.....	6
Innra mat	6
Grænfáninn	6
Umhverfisstefna Patreksskóla.....	6
Uppbyggingarstefnan	7
Þróunarverkefni og nýbreytni í Patreksskóla	8
Lengd viðveraL.....	8
Pólskukennsla	8
Íþróttakennsla	8
Stoð- og sérfræðiþjónusta.....	8
Nemendafjöldi.....	9
Starfsmenn skólaárið 2016-2017	10
Nefndir og ráð 2016 - 2017.....	12
Skóladag 2016 - 2017	9
Samstarf.....	13
Tafla 1. Fjöldi nemenda 2016 – 2017	9
Tafla 2. Starfsmenn skólaárið 2016 – 2017.....	10

Inngangur

Ársskýrsla Patreksskóla er skýrsla um skólahald í skólaárið 2017-2018. Skýrslan inniheldur helstu upplýsingar um starfsemi skólans á þessu skólaári. Skýrslan verður lögð fyrir Fræðslunefnd Vesturbyggðar og skólaráð Patreksskóla. Hún mun liggja frammi á kennarastofu skólans og verður vistuð á heimasíðunni www.patreksskoli.is.

Í skýrslunni koma fram upplýsingar sem varpa ljósi á það góða og fjölbreytta starf sem fram fer í skólanum og það faglegt starf sem ávallt er haft að leiðarljósi.

Gústaf Gústafsson skólastjóri Patreksskóla

Ýmsar upplýsingar um skólaárið 2016-2017

Stjórnendur

Gústaf Gústafsson skólastjóri

Helga Gísladóttir sérkennslustjóri er staðgengill skólastjóra.

Skólasetning var 22. ágúst 2017 og skólaslit 31. maí 2018. Kennt var í tveimur önnum, haust-og vorönn. Skóladagurinn hefst kl. 8:10 og skóla lýkur á bilinu kl. 13.15 – 15:30 eftir bekkjum.

Einkunnarorð Patreksskóla

Metnaður: Við leggjum okkur fram um að ná sem bestum árangri í námi og starfi og gera okkar besta í öllu því sem við tökum okkur fyrir hendur í skólastarfinu.

Samskipti: Við viljum stuðla að vellíðan allra sem starfa í skólanum, jafnt nemenda sem starfsfólks. Við leggjum áherslu á uppbyggileg og góð samskipti allra, þar sem áhersla er lögð á virðingu fyrir öðrum og góða framkomu. Góð samskipti milli allra í skólasamfélaginu er lykilatriði.

Frumkvæði: Við viljum vera skapandi í skólastarfinu og ýta undir ábyrgð og sjálfstraust og þannig hlúa að sköpunargleði og fjölbreytni í námi og kennslu.

Kennslufyrirkomulag

Í Patreksskóla eru 94 nemendur í 9 bekkjadeildum, samkensla er í 6. + 7.bekk.

Námsmat

Annir eru tvær: haustönn og vorönn. Engir sérstakir prófadagar eru í skólanum, heldur er símat í gangi allan veturinn og fá nemendur einkunnir við lok hvorrar annar. Nemendur í 4., 7., og 9. bekk fóru í samræmd könnunarpróf, yngri bekkirnir að hausti, en 9. í mars. Samræmdu prófin voru rafræn og einkunnagjöf er í bókstöfum hjá 9. bekk.

Einkunnagjöf hjá 1. – 4. Bekk er í tölum og umsögnum, en bókstöfum hjá öðrum bekkjum. Veitt eru verðlaun að vori fyrir bestu ástundun í 8.- 10. bekk. Veitt eru verðlaun fyrir besta heildarárangur í 10. bekk sem Vesturbyggð gefur. Fyrir bestan árangur í dönsku sem Danska sendiráðið gefur. Fyrir besta námsárangur í ensku sem Landsbandinn gefur. Besta árangur í stærðfræði sem Orkubú Vestfjarða gefur. Fyrir besta árangur í íslensku sem Lionsklúbbur Patreksfjarðar gefur. Að vori fær sá bekkur í Patreksskóla sem best stundar íþróttir íþróttabíkarinn sem íþróttafélagið Hörður afhendir.

Samkoma á Sal

Síðasta föstudag í mánuði er samkoma á Sal í Patreksskóla. Þar koma saman allir nemendur skólans og skiptast á að flytja skemmti- og/eða fræðsluefni fyrir hópinn. Markmiðið með þessu er að þjálfar nemendur í því að koma fram og flytja efni fyrir áhorfendur og þannig þjálfast m.a. í framkomu og framsögn. Þarna þjálfast nemendur einnig í því að vera saman, hlusta og hafa hljóð og taka þátt í hópefli, söng og dansi. Allir bekkir sjá um atriði á Sal a.m.k. einu sinni á skólaárinu. Á Sal fara einnig fram ýmsar skemmtanir, leikrit og á stundum eru gestafyrirlesarar. Danskennslan fer fram í Bröttuhlíð og er tvisvar yfir veturinn, eina viku í senn.

Endurmenntun

Kennarar Patreksskóla tóku þátt í endurmenntunaráætlun Skólans. Auk þess sem 2 kennarar voru við nám á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Endurmenntunin fólst í námskeiðum, s.s. dagsnámskeiði á vegum Mentor, tölvunámskeiði, ýmsum fyrirlestrum og fræðslu m.a. um Olweusarverkefnið gegn einelti, kynningu á margvíslegu námsefni, uppbyggingarstefnunni, og netfyrirlestrum.

Skólastjóri sat flest námskeið sem í skólanum voru haldin, auk sérstakra netnámskeiða, bæði á vegum Mentor og HÍ.

Lestraráttak

Á undanförunum skólaárum hefur sérstök áhersla verið lögð á lestur og lestrarkennslu með yfirskriftinni „Lestrargaman“ því áhersla hefur verið á yndislestur (að lesa sér til ánægju og yndisauka). Allir nemendur skólans hafa tekið lestrarpróf og lesgreiningarpróf (Orðarún) og í samræmi við niðurstöður hafa nemendur fengið frekari þjálfun. Unnin hafa verið ýmis verkefni og kennarar verið með sérstakar lestraræfingar og uppákomur til að þjálfar lestur og framsögn. Allt er þetta gert til að auka lestrarfærni og lesskilning nemenda. Í vetur er áherslan á yndislestur í byrjun hvers skóladags. Þá hafa allir bekkir tekið lesfímipróf hjá Menntamálastofnun, eða þrisvar yfir veturinn og með því móti er gott að fylgjast með framförum hvers og eins. Í þeim bekkjum sem fara í samræmd próf er sérstakt lestaráttak með áherslu á undirbúning fyrir prófin. Í því felst fjölgun á íslenskutímum og lestrarpróf lögð fyrir við upphaf og lok átaksins og bættu nemendur sig nánast undantekningalaust í lestri. Foreldrar tóku virkan þátt í undirbúningi og skilað það sér einnig vel.

Heimasíða og síða á Facebook

www.patreksskoli.is

Á heimasíðu skólans er að finna allar helstu upplýsingar um skólastarfið, þar birtast einnig tilkynningar og fréttir af skólastarfinu, sem og matseðill mánaðrins. Heimasíðan er uppfærð reglubundið. Patreksskóli gefur út Skólanámskrá, Starfsmannahandbók, Endurmenntunaráætlun, Starfsáætlun og ársskýrslu. Facebookarsíða skólans er mikið notuð, en þar má finna ýmislegt sem gerist daglega í skólanum.

Mötuneyti

Mötuneyti eru starfrækt við Patreksskóla. Maturinn er eldaður á Veitingahúsinu Heimsenda og sendur í skólann.

Í Patreksskóla voru 74 nemendur og 9 starfsmenn í mötuneytinu í vetur.

Skólastefna

Skólastefna f.v. Grunnskóla Vesturbyggðar er svohljóðandi og eftir henni fer Patreksskóli:

Við stefnum að því...

- Að faglegur metnaður móti allt skólastarf
- Að allar deildir skólans starfi saman sem ein heild þar sem einstaklingnum er sýnd umburðarlyndi og virðing.
- Að allir nemendur njóti alhliða menntunar við hæfi hvers og eins og hvatningar til náms í samræmi við þroska sinn og áhuga.
- Að lögð verði áhersla á vellíðan allra sem í skólanum starfa og að þeim sé skapað vistlegt og örvandi námsumhverfi.
- Að stuðlað verði að fjölbreyttu, skapandi og metnaðarfullu skólastarfi
- Að skólinn sé í virkum tengslum við umhverfi sitt, náttúru, atvinnulíf og menningu byggðarlagsins.
- Að skólinn verði í fararbroddi varðandi fjarkennslu á grunnskólastigi og hugað verði að nýjungum í kennsluháttum.
- Að stefna í skólamálum sé í stöðugri endurskoðun og þróun.

Vörður í starfi Patreksskóla

- *Öflug lestrarkennsla*
- *List- og verkgreinar*
- *Fjölbreyttir kennsluhættir*
- *Olweus/bekkjarfundir*
- *Félagsleg markmið*
- *Símat - Leiðsagnarmat*
- *Símenntun*
- *Útiskóli*
- *Uppbyggingarstefnan*

Félagsleg markmið

Ákveðin félagsleg markmið hafa verið valin til að vinna með í skólanum allan veturinn. Valin eru þrjú markmið fyrir hvern mánuð og unnið sérstaklega með þau í skólastarfinu og í lífsleiknitímum. Valin voru markmið fyrir hvert stig en að sjálfsgöðu blandast þetta alltaf. Félagsleg markmið eru:

Hlustun - Kurteisi – Samvinna - Umgengni	fyrir yngsta stig
Líðan - Námsagi - Tillitsemi - Þátttaka	fyrir miðstig
Ábyrgð - Virkni - Framkoma - Sjálfstraust	fyrir elsta stig

Innra mat

Unnið er eftir 5 ára áætlun um innra mat en sjálfsmatsskýrslur og umbótaáætlanir liggja fyrir. Sjálfsmat 2016-17 samanstóð af eftirfarandi:

- Starfsmannaviðtöl- þar sem könnuð voru viðhorf starfsmanna til aðbúnaðar , starfsanda, samstarfs, líðan og stjórnunar.
- Próf, verkefnamat og kannanir – þar sem metin er staða nemenda í námi.
- Lestrarpróf, Orðarún, lesfimiþróf og Talnalykill- þar sem metin er staða allra nemenda í lestri og staða valinna bekkja í stærðfræði.
- Eineltiskönnun samkv. Olweusaráætlun skólans gegn einelti er annað hvert ár. Hún var ekki vetur.
- Skólinn hefur ákveðið að gera hlé á könnunum hjá Skólapulsinum þar sem þær þykja mög tormeltar og langar og framkvæma frekar eigin kannanir með líðan nemenda. Það hefur áður verið gert og gefist vel. Allar kannanir eru á tveggja ára rúllu.
- Þá var sérstök könnun meðal starfsfólks um líðan í starfi og starfsanda.

Ytra mat

Menntamálastofnun framkvæmdi ytra mat í Patreksskóla 24. og 25. apríl 2017. Skýrslan er sýnir að bæta þarf nokkur atriði og hefur skólastjóri ásamt Krístrúnu Lind Birgisdóttur unnið að þeim endurbótum. Gerð hefur verið endurbótaáætlun sem send var til ráðuneytis og eftir henni er unnið.

Grænfáninn

Patreksskóli er „Skóli á grænni grein“ og tekur þátt í Grænfánaverkefninu. Unnið hefur verið samkvæmt verklagsreglum verkefnisins í vetur. Allir nemendur og kennarar hafa tekið þátt í þessari vinnu. Lögð hefur verið áhersla á að gera alla meðvitaða um mikilvægi þess að flokka og endurnýta.

Umhverfisstefna Patreksskóla

- ☀ **Göngum vel um skólann og umhverfi hans**
 - Allir leggja sig fram um að taka upp eftir sig, fara úr skónum í anddyri, henda rusli í flokkunarfötur.
- ☀ **Göngum vel um byggðina okkar**
 - Hendum ekki rusli í náttúruna. Tínum upp rusl og setjum í ruslafötur.
 - Hvetjum aðra til að ganga vel um byggðina okkar.
- ☀ **Eflum umhverfisvitund með því að flokka og endurnýta**
 - Nemendur flokka sjálfir pappír, plast, fernur og fleira.
 - Pappír er endurnýttur, prentað beggja vegna á hann og það sem til fellur fer í endurvinnslugáminn.
- ☀ **Verum meðvituð um að við eigum bara eina jörð og við verðum að vernda hana**

- Nemendur fá fræðslu um umhverfisvernd og sjálfbærni menntun í skólanum.
- ☀ **Verum meðvituð um að við eigum bara einn líkama og við verðum að vernda og rækta hann**
 - Ekki er leyfilegt að hafa sætabrauð í nesti
 - Neysla sælgætis og gosdrykkja er bönnuð í skólanum, nema á skemmtunum.
 - Öll tóbaksnotkun, hverju nafni sem hún nefnist, áfengis og fíkniefnaneysla er bönnuð í skólanum, á lóð hans og í ferðum sem farnar eru á vegum hans.
- ☀ **Drögum úr mengun og eflum lýðheilsu með því að nota umhverfisvænan samgöngumáta eins og mögulegt er**
 - Í Patreksskóla er „göngum í skólann“ vika á hverju hausti
 - Norræna skólahlaupið er haldið á hverju ári.
 - Íþróttamót og þemadagar tengdir hreyfingu og útivist
- ☀ **Eflum þekkingu okkar á umhverfismálum, fræðumst og fræðum aðra**
 - Grænfánanefndarfundir eru haldnir a.m.k. einu sinni í mánuði á skólaárinu.
 - Vinna við grænfánann verður kynnt á foreldrafundum, vefsíðum og fréttapistlum skólans.
 - Umhverfisfræðsla fléttuð inn í skólastarf með markvissum hætti.
- ☀ **Patreksskóli stefnir á að hafa umhverfismál að leiðarljósi í sínu starfi.**

Umhverfisnefndir, þ.e. Grænfánanefnd og Heilsueflandi skóli eru skipaðar starfsfólki og nemendum og leggja áherslu á **endurnýtingu, umhverfið og lýðræði, holla lífshætti og heilbrigði.**

Þá tekur Patreksskóli þátt í Grænum skrefum sem er á vegum Vesturbyggðar, hvar stofnanir leitast við að fylgja umhverfisvænni stefnu í rekstri og umgengni.

Uppbyggingarstefnan

Áfram var unnið með uppbyggingarstefnuna „Uppeldi til ábyrgðar“. Kennarar hafa verið á námskeiðum og leshringjum undanfarna vetur til að kynnast aðferðum þessarar uppeldisstefnu sem verið er að taka í notkun í sífellt fleiri skólanum. Allir nýir starfsmenn eru settir inn í þá stefnu við upphaf starfs við skólann.

Uppeldi til ábyrgðar (Restitution – Self Discipline) er hugmyndafræði sett fram af Diane Gossen sem byggir kenningar sínar að hluta á sjálfstjórnarkenningum William Glasser. Börnum er kennd sjálfstjórn og sjálfsagi með því að efla þeirra innri sálarstyrk. Áhersla er lögð á lýðræðisleg samskipti og býður hugmyndafræðin starfsfólki skýrar vinnuaðferðir og leiðir í vinnu með aga. Unnið er út frá fimm grunnþörfum einstaklingsins. Grunnþarfirnar eru: Öryggi, umhyggja, áhrif, frelsi og gleði. Hlutverk skólans er að mæta þeirri þörf sem ríkust er hjá hverjum einstaklingi.

Grundvallarhugmyndir kenningarinnar:

- Sjónarmið hvers einstaklings eru virt
- Barninu er hjálpað að þróa sjálfstjórn og sjálfsaga
- Skýr mörk og sáttmálar ramma inn þær væntingar sem samfélagið gerir
- Hvernig vill einstaklingurinn verða; gildin tekin fyrir og rædd
- Mistök eru til að læra af þeim

Að innleiða hugmyndafræði sem þessa í stórum skóla gerist ekki á einum degi. Í Grunnskóla Vesturbyggðar var byrjað skólaárið 2010-11 og stefnt er að því að vinna markvisst með starfsfólki og nemendum næstu árin við að innleiða hugmyndafræðina í starfið.

Sáttmálavinna, þar sem farið er í gildin sem skapa það umhverfi sem við viljum búa og starfa í, hlutverkaskipting (mitt og þitt hlutverk) og fleira er þegar farið að sjást í skólanum. Starfsfólk og nemendur munu vinna áfram að því að gera vinnuna sýnilegri og nýta hana markvisst.

Með uppeldi til ábyrgðar stefnum við að því að gera góðan skóla enn betri þar sem samkennd, ábyrgð, gleði og virðing allra nemenda og starfsmanna skapar gott starfsumhverfi.

Þróunarverkefni

Í vetur hefur vinnu með smíðjur á föstudögum verið haldið áfram í Patreksskóla. Þar er unnið að ákveðnum þemaverkefnum í lotum. Þar geta verkefnin spannað allt frá iðrum jarðar til himingeimsins og allt þar á milli. Yfirleitt var lotunni lokið með því að bjóða foreldrum í heimsókn til að skoða afurðir verkefnanna.

Lengd viðvera

Boðið var upp á lengda viðveru fyrir nemendur í 1.-4.bekk í Patreksskóla frá kl 13.00-16.00. Fræðslustjóri hefur yfirumsjón með lengdri viðveru.

Pólskukennsla

Engin pólskukennsla hefur verið í Patreksskóla í vetur sökum þess að starfsmaðurinn sem kenna átti var í barnsburðarleyfi. Það stendur til bóta næsta skólár.

Íþróttakennsla

Íþróttakennsla fer fram í Bröttuhlíð og fá allir bekkir 2 tíma í íþr. og 1 tíma í sundi vikulega.

Valgreinar

Valgreinar eru 8. – 10. bekk. Tvær greinar eru bundnar, þ.e. heimilisfræði og smíði, en síðan geta nemendur valið sér tvær greinar í viðbót á hvorri önn. Á hvorri önn hafa nemendur 7 – 10 greinar að velja úr.

Stoð- og sérfræðiþjónusta

Helga Gísladóttir er fagstjóri í sérkennslu. Hún sér um skipulag og allt ut anumhald á sérkennslu. Elmar Þórðarson talmeinafræðingur og sérkennsluráðgjafi og Áspór Ragnarsson sálfræðingur hafa komið eins og síðustu ár. Þeir hafa tekið á erfiðari málum og sem þarf jafnvel að vísa lengra. Elmar hefur aðallega séð um talkennslu/ráðgjöf og leiðbeiningar vegna talörðugleika. Helga Gísladóttir hefur séð um greiningarnar með lesblinduprófinu Aston Index, málþroskaprófinu TOLD I og II, teikniþrófinu Tove Krogh, GRP14h í 9.b. og stærðfræðigreiningarþrófinu Talnalykli (einstaklings- og hóppróf) og séð um sérkennslu. Áspór hefur séð um greiningar á ADHD, erfiðum agamálum, hegðunarerfiðleikum og samskiptum við aðra. Allir hafa komist að sem þurft hafa þjónustu. Aðeins er um greiningar að ræða hjá sálfræðingi en ekki meðferð.* Eineltisnefndir hefur fundað reglulega með nemendum í vetur. Í vetur voru 20 nemandur í sérkennslu vegna námsörðugleika, ADHD eða í íslenskukennslu fyrir nýbúa.

Í Patreksskóla voru 5 stuðningsfulltrúar starfandi, þar af einn sem sinnir einum nemanda öllum stundum. Sinntu þeir stuðning inni í bekk og gæslu í frímínútum með skólaliðunum.

Skóladagatal 2017-2018 sjá heimasíðu

Nemendafjöldi

Í Patreksskóla eru 94 nemendur skólaárið 2017 - 2018.

Tafla 1 Fjöldi nemenda í Patreksskóla

Patreksskóli		
<i>Bekkur</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Umsjónarkennari</i>
1. bekkur	12	Arna Margrét Arnardóttir
2. bekkur	5	Jónína Hallfr. /Svandís Hjartard.
3. bekkur	13	Jónína Hallfríður Hjaltadóttir
4. bekkur	8	Ásdís Ásgeirsdóttir
5. bekkur	13	Jónína Helga Sigurðardóttir
6. bekkur	3	Birna Friðbjört Hannesdóttir
7. bekkur	9	Birna Friðbjört Hannesdóttir
8. bekkur	8	Hrafnhildur Bára Erlingsdóttir
9. bekkur	9	Rannveig Haraldsdóttir
10. bekkur	14	Véný Guðmundsdóttir
Samtals	94 nemendur í níu bekkjum	

Starfsmenn skólaárið 2017-2018

Starfsmenn í Patreksskóla eru 25. Skólastjóri sem jafnframt er kennari, 9 grunnskólakennarar, 7 leiðbeinendur og 5 stuðningsfulltrúar, 1 húsveörður og 2 skólaliðar. Einn skólaliði var í fæðingarorlofi. Tveir leiðbeinendanna luku kennaranámi í haust/vetur, auk þess einn réttindum til kennslu. Tveir leiðbeinendur eru á öðru ári í námi og einn að byrja nú í haust.

Tafla 2 Starfsmenn skólaárið 2016-2017

Nafn	Starfsheiti Launa
Arna Margrét Arnardóttir	Leiðbeinandi
Ásdís Ásgeirsdóttir	Grunnskólakennari
Berglind Kristjánsdóttir	Grunnskólakennari
Birna Friðbjört Hannesdóttir	Leiðbeinandi
Einar Skarphéðinsson	Grunnskólakennari
Esther Gunnarsdóttir	Leiðbeinandi / íþróttir
Guðrún Norðfjörð	Sérkennari
Gústaf Gústafsson	Skólastjóri
Helga Gísladóttir	Sérkennari
Hrafnhildur Bára Erlingsdóttir	Grunnskólakennari
Jónína Hallfríður Hjaltadóttir	Leiðbeinandi
Jónína Helga Sigurðard. Berg	Leiðbeinandi
María Ósk Óskarsdóttir	Leiðbeinandi
Rannveig Haraldsdóttir	Grunnskólakennari
Svandís Helga Hjartadóttir	Leiðbeinandi
Vény Guðmundsdóttir	Grunnskólakennari
Agnieszka Krupa Stankiewicz	Skólaliði
Guðrún Helgadóttir	Stuðningsfulltrúi
Hulda Hjördís Gísladóttir	Stuðningsfulltrúi
Klara Ösp Sveinbjörnsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Kolbrún Matthíasdóttir	Stuðningsfulltrúi
Marta Parzych	Skólaliði
Símon Fr. Símonarson	Stuðningsf. / húsveörður
Svava Gunnarsdóttir	Stuðningsfulltrúi

Nefndir og ráð 2016-2017

Fulltrúar kennara í fræðslunefnd:

Birna Friðbjört Hannesdóttir
Guðrún Norðfjörð varamaður

Trúnaðarmaður:

Rannveig Haraldsdóttir

Öryggistrúnaðarvörður:

Símon Símonarson

Öryggisvörður:

Gústaf Gústafsson

Nemendaverndarráð:

Skólastjóri, sérkennari. hjúkrunarfræðingur, fulltrúi frá félagsþjónustu Vesturbyggðar og/eða aðrir er málið varðar, s.s. sálfræðingur.

Árganga- og fagstjórar:

Ásdís Ásgeirsdóttir 1. – 4. Bekkur

Birna Friðbjört Hannesdóttir 5. – 7. bekkur

Rannveig Haraldsdóttir 8.-10. bekkur

Helga Gísladóttir sérkennsla

Eineltisteymi:

Rannveig Haraldsdóttir formaður

Hrafnhildur Bára Erlingsdóttir

Ásdís Ásgeirsdóttir

Nemendaráð:

Jón Grétar Helgasón 8. bekk

Halldór Jökull Ólafsson 10. bekk

Rakel Jóna B. Davíðsdóttir 10. bekk

Sara Líf Helgadóttir 9. bekk

Victor Sörli Wegorek 9. bekk

Sjálfsmatsteymi:

Gústaf Gústafsson

Helga Gísladóttir

Rannveig Haraldsdóttir

Birna Friðbjört Hannesdóttir

Skólastjóri

Fagstjóri

Árgangastjóri

Árgangastjóri

Skólaráð:

Gústaf Gústafsson skólastjóri

Helga Gísladóttir sérkennslustjóri

Jónína Helga Sigurðardóttir kennari

Agnieszka Krupa skólaliði

Elísa M. Marteinsdóttir 8. bekk

Sara Líf Helgadóttir 9. bekk

Anna Benkovic foreldri

Margrét Brynjólfsson foreldri

Brynja Haraldsdóttir fulltr. nærumhverfis

Grænfánanefnd og Heilsueflandi skóli.

Símon Símonarson

Helga Gísladóttir

María Ósk Óskarsdóttir

Jónína Helga Sigurðardóttir

Hrafnhildur Bára Erlingsdóttir

Jafnréttisnefnd

Birna Friðbjört Hannesdóttir
Símon Fr. Símonarsson
Agnieszka Krupa
Gústaf Gústafsson

Uppbyggingastefnunefnd

Gústaf Gústafsson
Jónína Hallfríður Hjaltadóttir
Birna Friðbjört Hannesdóttir
Vény Guðmundsdóttir

Foreldrafélag Patreksskóla

Wioletta Kozuch	formaður
Guðrún Anna Finnbogadóttir	aðst.m. formanns
Gunnþórunn Bender	ritari
Ingunn Jónsdóttir	gjaldkeri
Sigríður Ingibjörg Birgisdóttir	meðstj.
Sigurbjörg Þórsdóttir	meðstj.
Eydís Þórsdóttir	meðstj.
Izabela Sienkiewicz	meðstj.

Ýmsir viðburðir

Skólakynning

Á haustin er kynning á skólastarfinu fyrir foreldra. Er þá farið yfir ýmislegt sem varðar skólann, námsbækur, Mentor og foreldrasamstarf. Foreldra og nemendafundur eru haldnir tvisvar á skólaárinu.

Íþróttadagar

Tveir sameiginlegir íþróttadagar eru hjá GV og Tálknafjarðarskóla fyrir 5.-7.bekk og 8.-10.bekk. Skipst er á að halda mótin.

Vinadagar

Einn til tveir sérstakir vinadagar eru haldnir á skólaárinu. Þá er lögð áhersla á vináttuna og baráttu gegn einelti.

Árshátíð

Árshátíð skólans er haldin með glæsibrag þar sem nemendur, kennarar og starfsfólk vinnur vel saman að öllum undirbúningi.

Bókasafn

Bókasafnskennarinn Ásdís Ásgeirsdóttir sér um skólabókasafnið. Bekkir koma í heimsókn á ákveðnum tímum taka út bækur, læra um hvaða reglur gilda á bókasöfnum og hvernig á að leita samkvæmt skráningarkerfi. Mikil áhersla er lögð á að nemendur nýti sér bókasafnið og fari reglulega og fái bækur lánaðar. Bókasafnskennari finnur merkjanlegan mun á bóklestri samfara þessu.

Ferðir og viðburðir

Ýmislegt hefur drifið á daga nemenda í vetur fyrir utan hefðbundna kennslu, s.s. námskeið í fjármálalæsi, þorralót, Gísla Súrsonar sýning, Vikivaki í íþróttasalnum, forritunarnámskeið hjá miðdeild, Litlu-jólin, brúðuleikhús hjá yngstu deild, Jóga, Öskudagsskemmtun, Þýskubíllinn fyrir elstu bekki, íþróttadagar, danskennsla og danssýning, árshátíð skólans, List fyrir alla (dansstúdíó fyrir mið og efstu bekki), ferðalag að Reykjum (7. bekkur), ferðalag á Barðaströnd (5. bekkur), ferðalag til Gautaborgar (9. og 10. bekkir), Unicef-hlaupið, útivistardagar og gróðursetning og grill. Þar fyrir utan var evrópski tungumáladagurinn, dagur íslenskrar tungu, forvarnardagurinn, baráttudagur gegn einelti, eldvarnavika, dagur stærðfræðinnar, Stóra upplestrakeppnin og dagur nemenda – og foreldra.

Rafræn próf.

Sæmræmdu prófin voru rafræn og það gekk brösulega að framkvæma þau í 9. bekk en tókst, en vel hjá 4. og 7. bekk.

Eins voru öll lesfímiprófin hjá Menntamálastofnun skráð rafrænt, þótt sjálfur lesturinn færi fram af blöðum.

Samstarf

Foreldrasamstarf

Foreldrafélag er starfandi við skólann.

Foreldrar hafa komið að félagsstarfi nemenda, haldið jólafondur og vorfagnað í samstarfi við skólann. Formlegir foreldrafundir eru haldnir tvisvar á skólaárinu og mæta nemendur með. Að öðru leiti er haft samband í gegnum Mentor og með föstudagsfréttum. Sérstakir fundir eru haldnir með foreldrum eftir þörfum. Engin vorferð er hjá 10. bekk í ár. Foreldrafélagið stóð fyrir ráðstefnu með 7. – 10. bekkjum sem haldin var í FHP. Sigga Dögg var aðalfyrirlesari.

Grunn - og leikskólinn

Skólastjórar halda fund að hausti og samræma starfsdaga og samvinnu. Skilafundur leikskóla og Patreksskóla með viðtökukennurum og sérkennara er haldinn að vori. Nemendur 1. bekkjar fara í heimsókn í leikskólann að hausti. Skólahópur leikskólans kemur í heimsóknir í skólann og tekur þátt í námi að vori.

Patreksskóli og Bíldudalsskóli

Nemendur frá Bíldudalsskóla koma yfir í Patreksskóla á föstudögum í smíða- og sundkennslu. Þess utan fara nemendur 7. bekkja skólanna saman í skólaferð að Reykjum í Hrutafirði, sem og fara 5. bekkir skólanna ásamt Tálknafjarðarskóla í heimsókn á Barðaströnd. Þá eru haldnir sameiginlegir í þróttadagar tvisvar á vetri, ásamt Tálknfirðingum. Stóra upplestrarkeppnin er einnig samstarfsvettvangur og skiptast skólarnir á að halda keppnina.

Patreksskóli og FSN

Nemendur í 10. bekk fara í skólakynningu í deild FSN á Patreksfirði. Nemendum í framhaldsdeildinni er boðið á ýmsa viðburði á Sal Patreksskóla.

Patreksskóli og Tónlistarskólinn

Tónlistarskóli Vesturbyggðar er til húsa í Patreksskóla. Tónlistarkennsla fer fram á skólatíma, sem og eftir skóla. Ýmis samvinna er milli stjórnenda skólanna.

Patreksskóli og Félagsmiðstöðin

Félagsmiðstöðin Vestend er staðsett í Patreksskóla ennþá, en engin formleg samvinna er þar á milli, enda starfar félagsmiðstöðin ekki á skólatíma.

Patreksskóli og Tálknafjarðarskóli

Samstarf við Tálknafjarðarskóla byggist á sameiginlegum íþróttamótum nemenda tvisvar sinnum á skólaárinu. Upplestrarkeppnin er haldin til skiptis í Vesturbyggð og Tálknafirði.

Patreksskóli og kirkjan

Skólaasetning Patreksskóla fer fram í Patreksfjarðarkirkju.

Sóknarprestur gegnir mikilvægu hlutverki við áfallahjálp við nemendur og starfsfólk skólans.

Patreksskóli og BUGL

Nemendum með alvarlega hegðunarvandkvæði og erfileika er vísað á Barna og unglingsgeðdeild Landspítala. Haldnir eru síma- og fjarfundir kennara og meðferðaraðila vegna einstakra nemenda.

Patreksskóli og Björgunarsveitin Blakkur

Nemendur í 8. - 10. bekk Patreksskóla geta tekið starf í unglingsdeild Blakks sem valfag.

Patreksskóli og Íþróttafélagið Hörður

Nemendur í 8. - 10. bekk Patreksskóla geta tekið þjálfun með Íþróttafélaginu sem valfag.

Heilsugæslan

Heilsugæslan á Patreksfirði sinnir skólaskoðun og heilsufræðslu í skólanum.

Skólaakstur

Einum nemanda frá Barðastönd er ekið í Patreksskóla af foreldri dag hvern. Keran Stueland hefur séð um annan skólaakstur, s.s. íþróttiferðir nemenda, sérstakar heimsóknir og ferðir og akstur í skólabúðir.

Önnur samvinna og stuðningur

Skólinn hefur tekið á móti kennaranemum í vettvangsnámi frá Háskóla Íslands – Menntavísindasvið.

Kivanisklúbburinn og Eimskip færa nemendum í 1. bekk reiðhjólahljálma.

Kvenfélög og Slysavarnardeildir Vesturbyggðar, Orkubú Vestfjarða, Oddi og Lions klúbbur

Patreksfjarðar hafa styrkt skólann með ýmsu móti s.s. leiksýningar, ferðalög, verðlaun, endurskinsmerki, reiðhjólahljálma og aðrar gjafir.

Félagar í Gideon færa nemendum í 5. bekk Nýja Testamentið að gjöf

Skógræktarfélag þorpins hefur aðstoðað nemendur við að gróðursetja plöntur frá Yrkjusjóði á vorin.

Slökkvilið Vesturbyggðar kemur í heimsókn með eldvarnafræðslu og hefur einnig skipulagt brunaæfingar.

Ýmis fyrirtæki í Vesturbyggð hafa veitt ómetanlegan stuðning og gott samstarf. Kunnum við þeim og öllum öðrum samstarfsaðilum bestu þakkir fyrir samvinnuna á skólaárinu.

30.maí 2018

Gústaf Gústafsson skólastjóri Patreksskóla